

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 16. þ. m., hefur Gunnar A. Pálsson, hæstaréttarlögmaður hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. f. m., gegn Helga Ásgeirssyni kaupmanni, Bústaðabletti 12 hér í bænum, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 11.984,30, með 7% ársvöxtum frá 17. desember 1951 til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % þóknunar af víxilfjárhæðinni og kr. 71,25 í afsagnar- og bankakostnað auk málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Víxill sá, er í máli þessu greinir, er útgefinn 9. október 1951 af Heild-verzluninni Landsstjórnunni hér í bæ og samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbankanum 17. desember 1951. Víxill þessi var framseldur eyðuframsali af útgefanda og afsagður sökum greiðslufalls 19. desember 1951.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi sé ekki formlega löglegur handhafi að víxlinum.

Af gögnum málsins kemur fram, að Útvegsbanki Íslands h/f hér í bæ hefur eignazt víxilinn við framangreint eyðuframsal útgefanda hans og að útgefandi leysti víxilinn til sín 31. desember 1951. Stefnandi máls þessa er því ekki formlega löglegur handhafi víxilsins, sbr. 16. gr. laga nr. 93 frá 1933, og af þeim sökum eigi réttur aðili að kröfu á hendur stefnda samkvæmt víxlinum. Leiðir þessi aðildarskortur stefnanda til þess, að taka ber til greina sýknukröfu stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Ásgeirsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars A. Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Nr. 18/1950. **Björn R. Einarsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Verzluninni Drangey (Einar B. Guðmundsson).

Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1950, krefst þess, að staðfest verði lögbann það, sem hann lét hinn 6. desember 1948 leggja við

sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1“, og að stefnda verði dæmt að greiða honum sakarkostnað fyrir fógetadómi, bæjarþingi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það eru ekki nægar sönnur leiddar að því, að samningar hafi komizt á með aðiljum um margföldun og sölu hljómplötu þeirrar, sem í máli þessu greinir, og ber því að staðfesta lögbann það, sem borgarfégetinn í Reykjavík lagði hinn 6. desember 1948 við því, að stefndi selji eða láti selja hljómplötuna, enda verður ekki séð, að lögbannið hafi fallið niður samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 18/1949.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann það, sem borgarfégetinn í Reykjavík lagði hinn 6. desember 1948 við því, að stefndi, verzlunin Drangey, selji eða láti selja hljómplötuna „Íslenzkra Tóna I.M. 1“.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Björn R. Einarsson hljómsveitarstjóri, Fischersundi 1 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. des. 1948, gegn Tage Ammendrup og Maríu Ammendrup f. h. Verzlunarinnar Drangeyjar, Laugavegi 58 hér í bænum. Í stefnu krafðist stefnandi þess, að lögbann það, er hann lét leggja gegn sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1“ þann 6. desember 1948, yrði talið standa, þar til væntanlegum dómi í lögregluréttarmáli gegn stefndu hefði verið fullnægt. Þá krafðist hann málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Í hinum munnlega málflutningi orðaði umboðsmaður stefnanda kröfur sínar þannig, að hann krafðist þess, að framangreind lögbannsgerð yrði staðfest og stefnda dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarsins.

Þá var því mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi breytti kröfum sínum frá því, sem í stefnu greinir.

Málsatvik eru þau, að stefndi Tage Ammendrup, er einkaeigandi firmans Íslenzkra Tóna, en tilgangur þess firma er að taka á hljómplötur tónlist Íslenzkra listamanna. Þá er hann meðeigandi í Verzluninni Drangey og virðist stjórna henni. Snemma á árinu 1947 snéri stefndi sér til stefnanda og fór þess á leit, að hann og hljómsveit hans léki hljómlist fyrir stefnda til að taka á hljómplötur. Féllst stefnandi á að gera þetta. Léku stefnandi og hljómsveit hans síðar nokkur lög í þessu skyni, og virðast hafa verið teknar alls 6 hljómplötur. Fimm þeirra voru þegar talðar gallaðar og koma ekki hér við sögu. Eina plötuna var ákveðið að fullgera til margföldunar. Eru í henni lögín „Summertime“ og „Christofer Columbus“. Ekki er ljóst, hverjir voru samningar aðilja um verk þetta. Telur stefnandi, að ekkert hafi verið um þetta samið, enda hafi hér aðeins verið um tilraun að ræða, og þannig hafi ekki verið samið um neina þóknun fyrir störf stefnanda né hljómsveitar hans. Stefndi Tage telur hins vegar, að svo hafi um samizt, að hann léti fullgera plötu þessa og gefa hana síðan út í svo mörgum eintökum, sem honum þætti ástæða til. Stefnandi skyldi hins vegar fá kr. 0.50 í þóknun af hverri hljómplötu, sem seldist.

Umrædd hljómplata var síðan send til Noregs til að fullgera hana. Skömmu fyrir jól 1947 kom fullgert sýnishorn af annarri hlið plötu þessarar hingað til stefnda. Virðist stefnandi hafa verið kvaddur til að láta í ljós álit sitt um sýnishorn þetta. Aðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi þá sagt, að hann væri óánægður með hljómlist þá, sem á plötunni væri, en stefndi Tage skýrði þá frá, að hann væri búinn að panta allmikinn eintakafjölda. Lagði stefnandi þá ekki bann við framleiðslu plötunnar til almennrar sölu. Síðan virðast aðiljar ekkert hafa um þessi mál rætt fyrr en um haustið 1948, en þá lét stefnandi enn í ljós, að hann væri óánægður með hljómplötuna. Enn fremur bauðst hann til að kaupa það, sem gefið hefði verið út af plötunni. Stefndi Tage vildi hins vegar ekki fallast á það. Í nóvembermánuði 1948 komu hljómplötur þessar hingað til lands, og virðast það hafa verið 338 eintök af margnefndri hljómplötu. Þann 3. des. 1948 voru hljómplöturnar settar í hina stefndu verzlun til sölu. Þann 6. desember 1948 var síðan að kröfu stefnanda lagt lögbannt við sölu þeirra. Þá kærði stefnandi stefndu til refsingar vegna meints brots þeirra gegn lögum nr. 13 frá 1905. Var mál það rannsakað af lögregludómi Reykjavíkur. Til málshöfðunar kom ekki. Með bréfi, dags. 4. marz 1949, ákvað dómismálaráðuneytið að fyrirskipa ekki frekari aðgerðir í því máli.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að hann hafi sem flytjandi tónlistar þeirrar, sem á hljómplötuna var tekin, rétt til að ákveða, hvort hún verði höfð til sölu fyrir almenning eða ekki. Þegar í upphafi hafi aðiljum verið ljóst, að hér var um tilraun að ræða, en ekki hafi átt að láta gera plötuna í mörgum eintökum, nema stefnanda líkaði hún. Hefur stefnandi í þessu sambandi haldið því fram, að ekkert hafi verið samið um þóknun honum til handa fyrir verk hans. Þetta sýni, að hann hafi ekki afhent stefnda rétt sinn sem flutningsmaður tónlist-

arinnar. Stefndu sé því óheimilt að selja plötuna án síns samþykkis.

Stefndu byggja hins vegar sýknukröfu sína á því, að þegar í upphafi hafi svo verið um samið, að framangreind hljómplata skyldi gerð í mörgum eintökum og höfð til sölu, enda hafi verið samið um gjald til stefnanda og hljómsveitarinnar fyrir þeirra starf. Stefnandi geti því ekki nú haft nein umráð yfir sölu hljómplötunnar. Hafa stefndu í þessu sambandi bent á, að stefnanda hafi verið kynnt sýnishorn það, er áður greinir, og hann þó ekki bannað, að fleiri eintök yrðu gerð, enda þótt hann hafi látið í ljós óánægju sína með, hvernig hljómléikurinn hefði tekizt. Slíkt hefði hann þó átt að gera, ef hann vildi banna, að platan yrði gerð í fleiri eintökum. Þá hafa stefndu bent á, að stefnandi hafi viljað kaupa öll eintökin af hljómplötu þessari, til þess að þau yrðu ekki keypt af almenningi. Þetta sýni ljóslega, að stefnandi telji sig ekki hafa neinn rétt til að ráða yfir notum hljómplötu þessarar. Lögbann það, er stefnandi hafi látið leggja gegn sölu hljómplötunnar, sé því óheimilt og beri að fella það úr gildi. Hafa stefndu í því sambandi áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál á hendur stefnanda vegna lögbannsins.

Í málinu er fram komið, að stefndu eða Íslenzkir Tónar höfðu heimild til að láta leika lög þau, er hér um ræðir, á hljómplötur. Enda þótt ekki sé fyllilega ljóst efni samnings þess, er þeir gerðu í upphafi, stefnandi og stefndi Tage, þá er sýnt, að ráð var fyrir því gert, að hljómplata sú, sem mál þetta snýst um, yrði gerð í mörgum eintökum og höfð til sölu fyrir almenning. Svo sem áður getur, kynnti stefnandi sér sýnishorn það, er af plötunni var gert. Að vísu er upp komið, að stefnandi var óánægður með það, en þar sem hann þá þegar bannaði ekki, að platan yrði fullgerð og framleidd í mörgum eintökum, máttu stefndu treysta því, að hann setti sig ekki á móti slíku. Ljóst er, að stefndi Tage hefur lagt í verulegan kostnað vegna plötunnar eftir þenna tíma. Þegar þetta er virt svo og sú framkoma stefnanda að vilja löngu síðar kaupa sjálfur öll eintök hljómplötunnar, þá verður að telja, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti, er hann kann að hafa átt, til að ráða því, hvort hljómplata þessi yrði seld almenningi.

Með vísan til þessa þykir verða að taka sýknukröfu stefndu til greina og fella úr gildi lögbann það, er lagt var við sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1“ þann 6. desember 1948.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 6. desember 1948.

Gerðarbeiðandi, Björn R. Einarsson, er sjálfur mættur og með honum Hörður Ólafsson hdl. Krefjast þeir lögbanns, sjá rskj. 1.

Af hálfu gerðarpóla mætir Tage Ammendrup verzlunarstjóri. Upplýsir hann, að nú séu óseld af plötu þessari ca. 310 eintök.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú sem tryggingu 15000 króna eigin sýningarvixil, útgefinn í dag af umboðsmanni gerðarbeiðanda til handa borgarfégetanum í Reykjavík. Tók fégeti þá tryggingu gilda.

Upplýst er í réttinum, að plata sú, sem um ræðir í máli þessu, sé merkt „Íslenzkir Tónar I.M. 1“.

Fógeti lýsti því nú yfir, að hann legði lögbann við því, að verzlunin Drangey selji eða hlutist til um, að seld verði ofangreind grammofón-plata, og brýndi fyrir mættum Tage Ammendrup, að lögbann þetta mætti ei brjóta, að viðlagðri lagaábyrgð.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Nr. 23/1952. **Steindór Jónsson**
 gegn
 Lúðvík Eggertssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Steindór Jónsson, er eigi sækir dómþing í mál-inu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. apríl 1952.

Nr. 15/1952: **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)
 gegn
 Magnúsi Steinari Gíslasyni
 (Sigurgeir Sigurjónsson)

Borgararéttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu einungis til sviptingar réttinda ákærða samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.